

Kleppjárnsreykir

og nærliggjandi svæði

Guðrún Sunna Jónsdóttir, Hrefna Hrólfsdóttir,
Jón Grétar Borgþórsson og Sigfús Jörgen Oddsson



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland



Efnisyfirlit

• Inngangur	3
• Aðferðafræði og markmið	6
• Landmótun og vatnafar	9
• Gróðurfar og dýralíf	17
• Landnotkun og búseta	25
• Menningarminjar og menningartengsl	26
• Rýmiskennd og fagurfræði	34
• Einkennissvæði	37
• Ályktanir	44
• Heimildaskrá	45



Deildartúnguhver mynd: Jürgen




Inngangur

Verkefnið fólst í grófum dráttum í að leggja mat á sérstöðu Kleppjárnsreykja og nærliggjandi svæðis. Umrætt svæði má sjá á myndinni á næstu síðu.



Staðsetning
svæðis innan
Borgarbyggðar



Kort úr Google Earth Pro



Inngangur

Við matið var ákveðið að notast við norskar leiðbeiningar um landkosta- og sérstöðugreiningu, en sjá má nánari útskýringar á umræddri landslagsgreiningaraðferð í kaflanum hér á eftir. Niðurstöður matsins voru í framhaldinu settar upp í glærusýningu eða greinagerð sem samanstóð af nokkrum meginköflum.

Þessir kaflar eru eftirfarandi: Efnisyfirlit, Inngangur, Aðferðafræði og markmið, Helstu upplýsingar um svæðið, Skipting og túlkun svæðisins í einkennissvæði, Ályktanir og loks heimildir.

Efnisyfirlitið gefur yfirlit yfir kafla greinagerðarinnar meðan inngangurinn lýsir verkefninu og uppbyggingunni á greinagerðinni. Aðferðafræði og markmið skýrir síðan hvernig verkefnið og landslagsgreiningin var unnin ásamt því að lýsa meginmarkmiðum verkefnisins. Þá samanstendur næsti kafli af 6 þematengdum undirköflum þar sem fram koma megin upplýsingar frá þemavinnu. Upplýsingarnar eru settar fram á formi þematengdra korta ásamt helstu niðurstöðum.

Í kaflanum þar á eftir er svæðinu skipt í einkennissvæði. Stuttur texti og myndir fylgja ennfremur hverju einkennissvæði. Í ályktunar-kaflanum eru síðan dregnar fram meginniðurstöður um svæðið í heild. Staðarandi svæðisins er þannig dreginn fram með þemakortum og þemamyndum ásamt stuttum texta. Síðast en ekki síst eru heimildir teknar saman.



Aðferðafræði og markmið

Verkefnið fólst, eins og áður hefur verið getið fram, í að leggja mat á sérstöðu Kleppjárnsreykja og nærliggjandi svæðis, með það að megin markmiði að mögulegt sé að taka skynsamlegar ákvarðanir um uppbyggingu svæðisins. Með matinu, þ.e.a.s. landslagsgreiningunni, er þannig gert mögulegt að varðveita helstu sérkenni svæðisins og jafnframt styrkja landslagið.



Aðferðafræði og markmið

Ófáar aðferðir við landslagsgreiningu hafa verið notaðar hér á landi frá upphafi. Þetta þarf ekki að koma á óvart, enda eru verkefnin sem leysa þarf margskonar og krefjast þ.a.l. ólíkra lausna. Val á aðferð hverju sinni fer þannig eftir markmiði verkefnis, aðgengi að gögnum en ekki síst umfangi vinnuframlags.


Með þessi atriði í huga þótti vel við hæfi að nota norsku aðferðina (landskapsanalyse – framgangsmåte for vurdering av landsskapskarakter og landskapsverdi og veileder) við landslagsgreiningu á umræddu svæði.

Umrædd norsk aðferð er einföldun á skosku aðferðinni (Landscape Character Assessment) og hefur þann kost að draga fram með einföldum hætti sérstöðu og einkenni svæða, ekki endilega í tengslum við eitthvert tiltekið skipulagsverkefni líkt og margar aðrar aðferðir gera. Þá hentar norska aðferðin afskaplega vel á stærri svæðum og býður þ.a.a. upp á töluverðan sveigjanleika í vali á viðfangsefni. Aðstæðum á Íslandi svipar enn fremur víða til í Noregi, með strjálbýlum og víðáttumiklum héruðum sem einkennast af fjölbreyttu landslagi, náttúrufari og menningarsögu.

Af þessu má sjá að norska aðferðin hentar einna best við lausn verkefnisins.



Aðferðafræði og markmið



Verkefninu var í samræmi við norsku aðferðina skipt upp í nokkra áfanga: Undirbúningur, Lýsing, Túlkun og Ályktanir. Þeir áfangar voru síðan brotnir niður í smærri verkþætti líkt og sjá má á skýringarmyndinni hér til vinstri.

Umræddri mynd var þannig fylgt skref fyrir skref, og er hvert skref útskýrt nánar hér til hægri.

Undirbúningsvinnan

fyrir sjálfa vettvangsferðina á Kleppjárnsreyki fólst í að nemendur fengu kynningu á verkefninu ásamt því að skoðuð var yfirlitsmynd af svæðinu.

Í vettvangsferðinni söfnuðu nemendur síðan upplýsingum sem ekki var hægt að afla við skrifborðið.

Að ferðinni lokinni skiptu nemendur þemunum 6 að mestu jafnt á milli sín. Upplýsingum um hvert þema var í framhaldinu aflað með ýmsum hætti, en notast var m.a. við skriflegar heimildir, kortasjár og ýmis landfræði- og teikniforrit.

Að þessu loknu var svæðinu skipt í einkennissvæði af nemendum eftir vandlega umhugsun. Staðarandi hvers svæðis var ennfremur dreginn fram í stuttu máli.

Þá var staðarandi svæðisins í heild loks dreginn fram að vel ígrunduðu máli.




Landmótun og vatnafar


Borgarfjörður er með stærstu láglendum landsins. Inn af láglendi þessu ganga síðan dalir upp í hálsa- og heiðalönd. Syðstu dalirnir stefna í austur/suðaustur en þeir nyrstu í norðaustur. Þá rísa snarbrött fjöll sunnan megin láglendisins, en inn af þeim og austan héraðsins taka við hálsar og heiðar með dölum á milli. Að baki þeim rísa í framhaldinu brött fjöll, þ.á.m. dyngjan Ok. Vestan megin rísa síðan brött, tindótt fjöll og fjallgarðar,

þar á meðal ljósgrýtisfjallið Baula. Þess skal þó getið að flestir fjallamúlar og byggðafjöll eru mun lægri.


Af hálendunum falla síðan vötn og ofan um dalina uns þau enda loks í Hvítá og Borgarfirði. Fæst vatnanna eru þó miklir farartálmar, nema þá helst Hvítá sem kemur ein áa innan frá jöklum.



Votlendi innan svæðisins




Kortagrunnur fenginn frá Landupplýsingagátt.



Kortagrunnur fenginn frá Landupplýsingagátt.

Mikið víðfeðmi votlendis, sem afleiðing landslags og þétts berggrunns, einkennir einkum jarðveg í Borgarfirði. Kleppjárnsreykir eru engin undantekning. Steinefnainnihald mýra er enn fremur afar lágt sökum fjarlægðar svæðisins frá gosbeltinu. Fokefna frá helstu móbergssvæðum landsins gætir sömuleiðis lítið. Stór hluti mýra á svæðinu hefur hins vegar verið framræstur frá því á síðustu öld, en þó með mismiklum árangri.




Jarðvegur innan svæðisins

Þurrlendisjarðvegur svæðisins er aðallega brúnjörð. Brúnjörðin, sem mestmegnis er mynduð af aðfluttum steinefnum, er hins vegar mun grynri miðað við brúnjörð í öðrum landshlutum. Grynri brúnjörð hefur þó þann kost fram yfir dýpri að viðhalda betur raka. Sökum umfangs votlendis og grunnrar brúnjarðar er uppblástur því yfirleitt lítið vandamál á svæðinu. Uppblástur er þó fyrir hendi sumsstaðar, m.a. á hálendinu inn af Skorradal og Lundarreykjardal.

Þá hóf jarðvegurinn á svæðinu að myndast um leið og jöklar ísaldar hörfuðu og láglendi reis á ný úr sjó.

Myndunarsaga jarðvegsins spannar þ.a.l. um 10.000 ár. Jarðvegsgerð innan svæðisins fer í framhaldinu eftir aðstæðum á hverjum stað. Votlendi finnst þannig ýmist á flötu eða lítt hallandi landi þar sem jarðlög eru þétt eða þar sem útrennsli vatns er minna en írennsli. Því þarf ekki að koma á óvart að mýrar séu einna algengastar í lægðum lágsveitanna og lágdalanna. Að sama skapi er víða að finna votlendi í lægðum milli flatholta og á heiðum uppi þar sem lekt berggrunns er lítil.




Kortagrunnur fenginn frá Landupplýsingagátt.


Þurrlendi finnst aftur á móti þar sem halli er meiri, t.a.m. í hallandi hlíðum. Þurrlendi er jafnframt ríkjandi jarðvegsgerð í þurrlendissveitum héraðsins, Skorradal inn með vatni, framdalnum í Lundarreykjardal, Hálsasveit og Hvítársíðu.



Kortagrunnur fenginn frá Landupplýsingagátt.




Jarðfræði svæðisins



Kortagrunnur fenginn frá Landupplýsingagátt.

Elstu berglög í Borgarfirði eru talin vera í kringum 13 milljón ára gömul. Útræn öfl hafa því víða fengið að móta berggrunninn yfir ármilljóna skeið sem hefur skilað sér í myndun fjalla og dala. Árfarvegir, skriður og dalbotnafyllur hafa hins vegar mestmegnis myndast eftir að síðustu ísöld lauk. Þá einkenna blágrýtisstafar aðallega berggrunninn í Borgarfirði. Lágsveitir svæðisins, sem halla allajafna til suðausturs, eru þannig á svokallaðri rofsléttu sem skorin er í gamlan blágrýtisstafa. Umrædd rofslétta er ennfremsur þakin sjávarleirslögum þar sem lægðir koma fyrir í landslaginu, sem veldur myndun flatlendis með mýrum og móum. Upp úr flatlendinu rísa síðan holt og holtaklasar sem stefna að jafnaði frá suðvestri til norðausturs. Borgarfjarðardalir geisla síðan í framhaldinu út frá lágsveitunum sökum höggunar. Þá valda fornar megineldstöðvar því að há fjöll og fjallendi rísa norð- og suðvestan við héraðið. Móbergsfjöll mynda aftur á móti fjallahringinn austan héraðs og heiða, sem lýsir sér einkum í jökulþöktum stöpum og dyngjum. Einna mest áberandi er dyngjan Ok sem myndaðist seint á ísöld. Hægt rísandi heiðalönd eru síðan á milli fjallanna um innanverða dalina. Grágrýtishraun frá hlýskeyðum ísaldar hafa ennfremsur runnið yfir hluta þessara heiða.




Jarðlagasýrpur og jarðsaga

Berglögin á svæðinu hafa myndast á tveimur gosbeltum, einu virku og öðru sem nú er óvirkt. Þá er upphleðslagosefna mest á miðju gosbeltanna þar sem þau fergjast niður sem veldur því að berglögum hallar inn til miðju, í svokallaðri samhverfu. Andverfa myndast síðan þar sem berglög frá óvirka beltinu sveigjast og hallast í átt að virka gosbeltinu. Berglögum hallar þá til beggja átta. Slík andhverfa liggur einmitt um Borgarnes og þaðan til norðausturs og loks norðurs og kallast hún Borgarnes-andverfan. Þá halla hraunlög óvirka gosbeltisins, sem mynda holt á yfirborðinu sökum útrænna afla, að jafnaði til norðvesturs. Holtin eru jafnframt slétt og jökulfáguð á þeirri hlið, en brött og klettótt til suðausturs. Hraunlög virka beltisins halla aftur á móti til suðausturs með bröttu hliðina að norðvestan. Hraunlögum hallar enn fremur sumsstaðar meira en annars staðar, t.a.m. í Lundarreykjardal, og verða holt láglendisins þar því hærri og krappari og dalshlíðarnar hömróttari.



Setlag með plöntusteingervingum. Mynd tekin af Lovísu Ásbjarnardóttur.

Hallandi hraunlögin mynda eins og áður hefur verið getið holt lágsveitanna og eru þau þeim mun tilkomumeiri því meira sem roföflin hafa unnið í stefnu þeirra. Dalshlíðarnar verða sömuleiðis sléttari, þar sem hraunlögum hallar út úr hlíðunum, en klettóttari, þar sem þeim hallar inn í hlíðarnar. Inn á milli nýrri og eldri hraunlaganna finnast síðan víða setlög sem mynduðust þegar hlé varð á eldvirkni á svæðinu. Hallamislægi er þ.a.l. til staðar í hraunlögum en eldri lögum hallar mun meira en þeim yngri. Þá hefur surtarbrandur fundist í sumum setlaganna m.a. hjá Stafholti og upp og vestur frá Hreðavatni.




Jarðlagasýrpur og jarðsaga - framhald

Ofan við Hreðavatnslögin er síðan þykkur jarðlagastafli sem myndaðist á nýja gosbeltinu. Inn á milli þeirra hraunlaga finnast víða þunn setlög, oftast eldrauð lög sem eru forn jarðvegur að uppruna, stundum með steingervingum. Steingervingar hafa þannig m.a. fundist á Giljum í Hálsasveit.

Þá finnst furðu lítið af móbergi í árkvarterum berglögum í Borgarfirði. Það er í raun ekki fyrr en á síðkvarter sem móbergsfjöll verða áberandi. Mun minna ber hins vegar á skálardölum á svæðinu en víðast hvar annars staðar á blágrýtissvæðum landsins. Það stafar af því að skálarjökla hafa iðulega ekki náð að myndast í hlíðum fjallanna sökum þess hversu lág þau eru. Brot og misgengi, sem myndast hafa við ýmsa jarðfræðiferla, sjást aftur á móti víða í Borgarfjarðardölum sem misáberandi rákir sem skáskera sig niður dalshlíðarnar og hallar þeim nokkuð út dalina. Berggangar mynda sömuleiðis svipaðar rákir þar sem þeir skera dalshlíðarnar. Gangarnir koma jafnan fyrir í knippum, einkum í árgiljum þar sem bergið er bert, og eru ásamt misgengjum mun algengari í eldra og rofnari bergi.



Berglög. Mynd tekin af Guðbjarti Kristóferssyni



Vatnafar




Reykjaldalsá. Mynd tekin af Mats Wibe Lund.

Flestar ár í Borgarfirði eru dragár sem er í samræmi við þéttan berggrunn svæðisins. Rofafl dragáa er afar misjafnt, en einna mest í asaleysingjum og úrhellisrigningum þegar þær breytast í aurug flóðavötn. Þess á milli geta árnar hins vegar verið smásprænur einar. Þá er lítið um lindár í Borgarfirði sökum þétts berggrunns. Hvítá og Grímsá eru þó dæmi um ár sem bera mismikil einkenni lindáa. Jökulár eru sömuleiðis fáar og eiga allar það sameiginlegt að koma undan Langjökli áður en þær sameinast í Hvítá.

Þá er fremur lítið um fossa á svæðinu, a.m.k. miðað við mörg önnur landssvæði. Fossa er þó einna helst að finna við lindár, en þær grafa minnst allra fallvatna. Í Grímsá er þannig að finna töluverðan fjölda fossa þar sem hún steypist ofan af heiðum og niður í Lundarreykjardal. Þá má einnig finna fallega fossaröð í Rauðsgili í Reykjadalsá.

Þar sem land er nægjanlega flatt leggjast árnar síðan í bugður. Árnar hlykkjast þá hallalitlar milli bakkanna sem myndaðir eru úr sjávarleirslögum. Einna frægust er Reykjadalsá sem grefur sig niður í þéttan sjávarleir á botni Reykholtisdals. Umrædd á þarf enda ekki að eiga við mishörð holt og klappir og myndar því auðveldlega fullmótaðar bugður. Áhrifa jarðhita gætir ennfremur í ánni sem þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess að Reykholtisdalur er með mestu lághitasvæðum landsins.



Nánar um landmótun og vatnafar á sjálfum Kleppjárnshreykjum

Kleppjárnshreykir eru með merkilegri jarðfræðistöðum hér á landi, enda hafa þeir að geyma einstaka jarðsögu. Því til sönnunar má nefna að Kleppjárnshreykir, sem staðsettir eru í Reykholtssdal, eru einna helst þekktir fyrir jarðhitann á svæðinu. Dalurinn stendur enda öllum öðrum byggðum framur þegar litið er til vatnshvera og lauga.

Deildartunguhver er þannig talinn vera með vatnsmestu hverum á jörðinni. Þá býr Reykholtssdalur einnig yfir annarri merkilegri jarðfræðiarfleifð. Í Flókadalshálsi, sem afmarkar dalinn að sunnan, er þannig að finna afar tilkomumikla bergstalla. Einna mest áberandi eru bergstallarnir hjá Hömrum og í Snældubjörgum.

Þá er einnig að finna merkilega mela beggja vegna dalsmynnisins, annars vegar Hamramela sunnan megin og hins vegar Deildartungu- og Brekkukotsmela norðan megin. Ólíkt t.a.m. sjávarmelunum við Varmalæk og á Fossamelum mynda melarnir ekki hefðbundna hjalla heldur eru þeir mun margbrotnari. Lögum í Hamramelum hallar þannig á ýmsa vegu meðan Brekkukotsmelar eru öldóttir, og er það talið stafa af flókinni myndunarsögu

þeirra. Líklegast þykir mönnum að jökull hafi legið út í dalsmynnið með útföllum við hálsana en það myndi útskýra umfang malar beggja vegna dalsins. Breytingar á stöðu jökulsins ásamt breytingum á stöðu sjávar hafi síðan mótað melana enn frekar.

Í botni Reykholtssdals er síðan að finna þykka leirþekju sem myndast hefur úr því gruggi sem jökulvötn frá hverfandi jöklinum báru í dalinn, eða öllu heldur fjörðinn á þeim tíma. Í dalsbotninum má ennfremur sjá ummerki fornsvigða Reykjadalssáar, en þær mynduðust þegar sjór fjaraði og Reykholtssdalur kom aftur á þurrt. Við það gat áin grafið sig á sama hátt niður í mölina og leirinn. Þá má víða finna þurrlendi með bökkum árinna þar sem fornmöl þessi er enn til staðar. Fjær ánni, þar sem lektar malarinnar nýtur ekki, eru mýrar aftur á móti mun algengari. Þess skal þó getið að framræsing votlendis hefur minnkað umfang mýrlendis töluvert á svæðinu. Áður en dalurinn var framræstur var þurrlendi þannig fyrst og fremst að finna í hlíðarfætum dalsins og flathlíðunum norðan hans.



Tilkomumiklir bergstallar hjá Kleppjárnshreykjum. Mynd tekin af Mats Wibe Lund.




Deildartunguhver. Mynd tekin af Hrefnu Hrólfssdóttur árið 2018.



Gróðurfar og dýralíf

Á afmarkaða svæðinu í kringum Kleppjárnsreyki og Reykholt má finna fjölbreytt landslag. Gróðurfar er afar fjölbreytt. Finna má hrjóstrug og lítt gróin svæði sem og gróskumiklar mýrar, skóga og talsvert af ræktuðu landi. Á sumum svæðum eru áhrif landnýtingar mjög greinileg en á öðrum er þau ekki eins áberandi. Í Lundarreykjadal eru áhrif langvarandi beitar til dæmis vel greinileg. Þar hefur tegundarsamsetning flórunnar tekið breytingum þannig að þær plöntutegundir sem mikið eru bitnar eru á undanhaldi á meðan tegundir sem sauðfé bíta síður sækja í sig veðrið. Í Skorradal hefur breyting á gróðurfari einnig verið umtalsverð. Þar hefur stórt svæði verið girt af og friðað fyrir beit. Þannig hefur birki haft svigrúm til að koma sér á skrið en einnig hefur mikið verið gróðursett af erlendum trjátegundum, mest af greni og furu.

Af náttúrulegum vistgerðum er umtalsvert af deig- og votlendis vistgerðum. Mólendi er útbreitt á svæðinu. En þó nokkuð svæði er undirlagt rýrra mosa- og melavistgerða.






Manngerðar vistgerðir

Búseta mannsins hefur með tíð og tíma haft áhrif á mótun landslagsins.



Ræktuð tún og skurðir



Tún

Flatarmál ræktaðra túna á svæðinu er um 5.073 ha. Í tengslum við ræktun túnana hefur einhverju votlendi verið raskað. Umtalsvert magnaf skurðum hefa verið grafnir til framræslu á votlendi. Í allflestum tilfellum hefur framræsta landið verið nýtt til ræktunnar. Í einhverjum tilfellum þar sem grafnir hafa verið skurðir er þó ekki að finna ræktað land.

Skógar

Skógar á Íslandi eru ýmist náttúrulegir eða ræktaðir. Á Íslandi er það einungis birkið sem náttúrulega myndar samfellda skóga. Beit hefur mikil áhrif á útbreiðslu íslenskra birkiskóga. Því er beitarfriðun forsenda þess að birkiskógar viðhaldi sér. Víða innan svæðisins hefur verið gróðursettur skógur. Við ræktun skóga breytist ástand vistkerfisins. Segja má að með ræktun skóga sé verið að breyta vistgerð landsins á tilteknu svæði.



Skýringar

Skurðir
Tún




0 2.5 5 10 km




Vistgerðir

Á Íslandi er land flokkað í fjölmargar vistgerðir, alls 105 talsins. Yfir 30 vistgerðir eru skilgreindar á svæðinu sem er afmarkað. Vistgerðirnar eru misútbreiddar og verður fjallað ítarlegar um nokkrar þeirra algengustu.

Við Deildartunguhver vex burkninn tunguskollakambur (*Struthiopteris spicant* var. *fallax*) en hann er sérstakt afbrigði skollakambs sem vex eingöngu á jarðhitasvæðum. Deildartunguhver er annar af tveimur stöðum á landinu þar sem tunguskollakambur hefur fundist.



Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á kortinu eru merkt þrjú mikilvæg fuglasvæði sem eru skammt frá afmarkaða svæðinu.



Með innrauðum yfirlitsmyndum er hægt að sjá hvernig ljóstillífun á svæðinu er. Þar sem svæði eru litlaus er ljóstillífun lítil sem engin.

Kortasjá: map.is

Vistgerðir


Nokkrar af algengustu vistgerðum innan svæðisins eru:

Rýrari svæði: Mosamelavist, Urðaskriðuvist, hraungamburvist, eyðimelavist, ljónslappaskriðuvist, grasmelavist, melagamburvist.


Purr svæði: Fjalldrapamóavist, Snarrótarvist, lyngmóavist, tún og akurlendi, kjarrskógavist (birkiskógur), skógrækt, alaskalúpína,

Deig/ vot svæði: Starungsmýrarvist, Runnamýramýravist (á láglendi og hálendi), Starmóavist.


Starungsmýrarvist




Kjarrskógavist/ birkiskógur




Urðaskriðuvist




Mosamelavist




Fjalldrapamóavist



Ljónslappaskriðuvist



Hraungamburvist



Snarrótarvist




Starmóavist




Hraungamburvist




Grasmelavist




Lyngmóavist á láglendi



Runnamýravist á láglendi



Eyðimelavist



Vistgerðir

Starungsmýrarvist: Útbreidd vistgerð. Hallandi, deigt og þýft mýrlendi. Algengusti gróður: Mýrastör, Bláberjalyng, barnamosi, fjalldrapi, engjarós, gulstör, krækilyng, kornsúra, gulvíðir og klóffia. Mikið fuglalíf: Algengustu varpfuglar eru lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur.

Tún og akurlendi: Einkennast yfirleitt af fjölærum grastegundum og stundum einærum nytjaplöntum.¹⁴

Skógrækt: Skógræktarsvæði geta verið með gömlum eða ungum ræktuðum skógum. Algengt er að gróðursettar séu erlendar barr- eða lauftrjáategundir t.d. Greni, fura, þinur, lerki, ösp. Einnig er gróðursett talsvert af íslensku birki og reyniði.

Alaskalúpína: Vistgerðir sem einkennast af alaskalúpínu eru gróskumikil. Innan um lúpínuna finnast grös og blómjurtir. Lúpína breiðist auðveldlega út í friðuðu landi. Land er vel gróið og gróður er hávaxinn.

Birkiskógur- kjarrskógavist: Á suður og vesturlandi eru birkiskógar yfirleitt frekar lágvaxnir. Þeir eru þó gróskumiklir og er tegundaaúði þó nokkur. Algengustu tegundir eru: birki, bláberjalyng, krækilyng, hraungambri, beitleyng, sortuleyng, loðvíðir, fjalldrapi, bugðupunktur og aðalbláberjalyng. Fuglalíf í birki-skógum/kjarri er mikið. Algengustu varpfuglar eru: Skógarpröstur, þúfutittlingur, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill.

Mosamelavist: Hálfgróin og grýtt svæði, hátt hlutfall gróðurþekju er undirlagt af hraungambri og melagambri. Annar algengur gróður er: krækilyng, Breyskjuflettur, grasvíðir, blóðberg, kræðuflettur, hreindýrakrakar, lambagras og sauðamergur. Fuglalíf er talsvert og eru algengustu varpfuglar: Heiðlóa, spói, Þúfutittlingur og rjúpa.

Urðaskriðuvist: Brattar og stórgrýttar urðir. Uppistaða gróðurs er að mestu mosinn hraungambri. Að honum frátöldum má finna breyskjuflettur, kræðuflettur, blávingul og ólafssúru.

Fuglalíf er strjált, algengastir varpfugla eru: Steindepill og snjóttittlingur. Í klettum verpir Hrafn, smyrill og fálki.

Hraungamburvist: Einkennist eins og nafnið gefur til kynna af mikilli þekju mosans hraungambri. Annar algengur gróður er: krækilyng, hreindýrakrakar, stinnastör, grasvíðir, bláberjalyng, kræðuflettur, melagambri, blávingull og sauðamergur. Fuglalíf er nokkurt og eru algengustir heiðlóa og spói.

Eyðimelavist: Einkennist af þurrum og grýttum hálendismelum. Algengasta gróðurhula er lífræn jarðvegsskán. Annar gróður algengastur er: lambagras, túnvingull, melagambri, axhæra, melablóm, blóðberg, grasvíðir, blásveifgras og breyskjuflettur. Fuglalíf er fátæklegt og strjált, helst er að finna snjóttittlinga, steindepla og sandlóur.

Ljónslappaskriðuvist: Brattar og óstöðugar skirður. Gróðurþekja er lítil. Algengasti gróður er: ljónslappi, blóðberg, túnvingull, klóelfting, blásveifgras, holurt, hraungambri, brennisóley, holtasóley, hvítmaðra. Fuglalíf er strjált, helst ber að nefna steindepil, snjóttittling og heiðlóu. Hrafnar, smyrlar og fálkar í klettum.**Runnamýravist á láglandi:** Blautt, lítið hallandi og þýft mýrlendi. Algengasti gróður er: Barnamosi, bláberjalyng, fjalldrapi, mýrastör, vetrarkvíðastör, tjarnastör, krækilyng, mýrelfting, horblaðka og engjarós. Fuglalíf er ríkulegt, algengustu varpfuglar eru spói, lóupræll, þúfutittlingur, hrossagaukur, stelkur, kjói, heiðlóa og grágæs.

Fjalldrapamóavist: Þurrt, gjarnan þýft vel gróið mólendi. Algengasti gróður er: krækilyng, fjalldrapi, hraungambri, bláberjalyng, hreindýrakrakar, kræðuflettur, beitleyng, buðupunktur, stinnastör og sauðamergur. Fuglalíf er fremur ríkulegt, algengastir varpfugla eru: þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóupræll og rjúpa.

Vistgerðir

Lyngmóavist á láglendi: Þurrt og þýft mólendi, getur verið allbreytilegt þar sem hún nær yfir nokkrar gerðir lyngmóa. Algengustu gróðurtegundir eru: krækilyng, bláberjalyng, hraungambri, beitilyng, aðalbláberjalyng, fjalldrapi, melagambri, sortulyng, hreindýrakraókar og bugðupuntur. Fuglalíf er allríkulegt, algengastir varpfugla eru þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóupræll og rjúpa.

Starmóavist: Þurrt til deigt mólendi. Algegnasti gróður er: Melagambri, lífræn jarðvegsskán, stinnastör, grasvíðir, kræðufléttur, hraungambri, hreindýrakraókar, krækilyng, túnvingull og kornsúra. Fuglalíf er fremur rýrt, algengastir varpfugla eru heiðlóa, lóupræll og þúfutittlingur.

Grasmelavist: smágrýttir, lausir og þurrir melar á flötu eða hallandi landi. Algengasti gróður er blóðberg, túnvingull, lambagras, melagambri, kræðufléttur, axhæra, lífræn jarðvegsskán, melablóm, klóelfting og krækilyng. Fuglalíf er fátæklegt og varp er strjált, helst er þó að finna: snjóttitlinga, steindepla, sandlóur, sendlinga, heiðlóur og spóa.


Melagambravist: Allvel til fullgróið moslendi í hlíðum og brekkum. Gróður einkennist af mosanum melagambra, en stærstur hluti gróðurhulu er að jafnaði lífræn jarðvegsskán. Annar algengur gróður er: grasvíðir, breyskjufle ttur, kornsúra, lambagras, túnvingull, geldingahnappur, hraungambri og axhæra. Fuglalíf er strjált, snjóttittlingur og Heiðlóa algengust.

Snarrótarvist: Afar gróskumikið graslendi vaxið snarrótarpunti og fleiri graslendistegundum. Einkum á láglendi í gömlu ræktar- og beitolandi þar sem jarðvegur er frjósamur. Algengustu gróðurtegundir: Snarrótarpuntur, hálingresi, reyrgresi, vallarsveifgras, túnvingull, gulmaðra, skariffill, túnfíllar, mýrelfting, hálidagras. Meðalríkt fuglalíf, algengastir varpfugla eru þúfutittlingur, hrossagaukur, lóupræll og stelkur. Fuglalíf er strjált, algengastir eru snjóttittlingur og heiðlóa.

Dýralíf

Dýralíf einkennist af fuglum líkt og víðar á landinu. Fuglarnir dreifa sér á svæðið líkt og hefð er fyrir í íslenskri náttúru. Ákveðnir fuglar nýta sér votlendið, sumir móanna og aðrir hálendið. Einnig er fæða þeirra afar misjöfn og aðlögunarhæfni þeirra að ólíkum vistgerðum mismikil.

Fálki



Smyrill



Rjúpa



Hrafn



Spó



Steindepill



Hrossagaukur



Stelkur



Þúfuttlingur



Lóupræll



Snjótittlingur



Jaðrakan



Heiðlóa



Melrakki eða refur er eina spendýrið í íslenskri náttúru sem borist hefur með náttúrulegum hætti. Refurinn er rándýr og veiðir sér til matar. Aðallega veiða þeir fugla, mýs og hryggleysingja. Þeir nærast einnig á eggjum. Refurinn er veiddur með það að leiðarljósi að halda stofninum í hæfilegri stærð.



Mynd af ref: Náttúrufræðistofnun Íslands

Dýralíf - Vargar



Mynd af mink: Umhverfisstofnun

Minkur var fluttur til landsins upp úr 1930 til loðfeldaframleiðslu. Fljótlega slapp minkurinn hins vegar út í íslenska náttúru sem haft hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Minkar eiga það nefnilega til að veiða sér til matar umfram þarfir. Þá geta þeir reynst mjög skæðir í fuglavarpi. Því hefur mikið kapp verið lagt á að halda minknum í skefjum. Minkurinn er skilgreindur sem ágeng tegund.

Sveitarfélag	2017				2018				2019			
	Grendýr	Yrðlingar	Hlauparefir	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlauparefir	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlauparefir	Samtals
Akrahreppur	10	16	28	54	8	18	42	68	1	4	30	35
Árneshreppur				0	24	31	133	188	10	42	109	161
Ásahreppur	6	12	2	20	6	15	7	28	6	15	6	27
Bláskógarbyggð	39	66	40	145	34	55	38	127	25	71	20	116
Blönduósþær	7	12	2	21	7	19	4	30	7	22	12	41
Bolungarvík	85	30	18	133	18	17	14	49	42	30	27	99
Borgarbyggð	28	54	170	252	17	50	203	270	39	97	219	355

Mynd: Umhverfisstofnun úr skýrslu um refaveiðar árin 2017 - 2019

Dýralíf - fiskar



Mynd af veiðimanni við strauma þar sem Hvíta á Norðurá mætast. Tekið af veida.is



Mynd af laxi tekin af fiskabokin.is

Innan svæðisins eru nokkrar þekktar laxveiðiár svo sem Norðurá, Hvíta og Andakílsá.



Mynd af Skorradalavatni tekin af veida.is



Mynd af urriða tekin af vísindavefurinn.is



Mynd af bleikju tekin af fiskabokin.is



Landnotkun og búseta

Búseta á svæðinu grundvallast á landbúnaði, skólastofnunum, ilrækt, skógrækt og ferðapjónustu. Landnotkun og mannvirki endurspeglar þessa helstu styrkleika.

Helstu mannvirki, landnotkun og önnur auðlindanotkun

- Tún-landslag á láglendi og neðst í dölum hefur þróast frá landnámi og þekur stærstan hluta svæðisins
- Skógrækt fékk tækifæri á rýrum bújörðum Skorradals um miðja 20. öld og breiðir nú úr sér
- Sumarhúsabyggð hefur dafnað þar í skjóli skógarins
- Litlir þéttbýliskjarnar hafa myndast kringum menntastofnanir – Reykholt, Hvanneyri, Varmaland og Kleppjárnsreykir eiga það sameiginlegt
- Ilrækt með tilheyrandi gróðurhúsum setja svip sinn á Kleppjárnsreyki, Varmaland og hefur verið stunduð
- Ferðapjónusta

Þéttbýliskjarnar



Menningarminjar og menningartengsl

Innan svæðisins má finna 55 friðlýstar fornleifar ásamt 67 skráðum fornleifum. Margar af þeim merkari eru tengdar við Snorra Sturluson sem að hafði aðsetur á Reykholti og rak fleiri bú á svæðinu, m.a. Kastala við Svignaskarð. Er bú það byggt uppi á klettaborg þaðan sem má ná góðu útsýni yfir Borgarfjörðinn og er það vígi af náttúrunnar hendi



Friðlýst hús

7 hús eru friðuð í kring um Kleppjárnsreyki. Þar af eru 6 kirkjur sem voru friðaðar 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Sjöunda friðunin nær yfir Hreppslaug og var friðlýst af forsætisráðherra 28. maí 2014 sem menningaminjar og tekur til steinsteypts hluta hins upphaflega laugarmannvirkis.




Gögn frá Minjastofnun

●	Áltaneskirkja	byggð 1904
●	Borgarkirkja	byggð 1880
●	Hjarðarholtskirkja	byggð 1895
●	Hreppslaug	byggt 1928-1929
●	Hvanneyrarkirkja	byggð 1905
●	Reykholtskirkja	byggð 1886-1887
●	Stafholtskirkja	byggð 1875-1877



Helstu minjar á skrá

55 friðlýstar fornleifar
eru á svæðinu og
raðast upp á 10 megin
svæði.





Helstu minjar á skrá


- ⌘ **Brúarreykir**
Ísrauðarstaðarúst, skammt frá túngarði, þar sem hallar landi til suðausturs að Hvítá
- ⌘ **Hofsstaðir**
Hofrúst austan til í túninu, undir brekku mót suðri. Hofklettur, svo nefndur, stór steinn í brekkunni fyrir neðan hofrústina.
- ⌘ **Heggstaðir**
Forn girðing, hringmynduð, nefnd „dómhringur“, uppi á túninu norðaustur af bænum. „Leiði Heggs“ er sýnt í miðjum hringnum.
- ⌘ **Reykholt** – Snorralaug. Forn laug getið um í landnámu. Kennd við Snorra Sturluson
- ⌘ **Kaðalsstaðir**
 - Leifar af Hellu eða Hellukoti, vestaní hæð, sem fjárhús standa á.
 - Forn tóft, austan undir hæðinni við Hvítá.
- ⌘ **Keldur**
Rústir hins forna eyðibýlis að Keldum, skammt norðaustur frá bænum
- ⌘ **Kollslækur**
Rústir hins forna eyðibýlis „Hálsar“, norðvestur á hálsinum.
- ⌘ **Lundur**
Hoftóft, önnur tóft minni og forn bæjartóft á brúninni fyrir ofan túnið, og forn túngarðurum.
- ⌘ **Svignaskarð**
 - Einbúabrekkna-rústir, suðaustan undir Einbúabrekkum, sem nú kallast Hábrekkur.
 - Leifar hins forna virkis á svo nefndum kastala, rjett hjá bænum, garðleifar allar þar og tóftir.
- ⌘ **Þingnes**
 - Forn rúst á þýfðum grasbletti sunnan undir Blundhól.
 - Lítill holl, er heitir Harðhaus, syðst í túninu og er á honum steinn. Hóllinn er ílangur og snýr nokkurn veginn frá suðri til norðurs.



Kleppjárnsreykir

Kleppjárnsreykir er nefnt eftir manni sem hét Kleppjárn og er getið í landnámu. Hét þá bærinn einungis Reykir og er fyrst getið um hann sem Kleppjárnsreykir um 1500.

Mikið er af sýnilegum minjum á svæðinu og eru þær almennt betur farnar en annarsstaðar á svæðinu. Er oft talað um Dysina sem meðal merkilegri minja þar en talið er að það sé hinsti kvíldarstaður Eyjólf Kolgrímssonar sem helst var þekkur fyrir miklar svallveislur á 16. öld.



Minjakort af tǫni Kleppjárnsreykis.
Kort: Fornleifastofnun Íslands

Þingnes


Á Þingnesi var áður fyrr héraðsþingið og má finna þar tvær friðlýstar leifar.

Fyrst ber að nefna Blundhól þar sem Ketill blundur á að hafa verið heygður og hóllinn Harðhaus á tǫni bæjarins.

Þar má einnig finna þúfnakragann Viðbjóð sem er dæmi um það hvernig fólk var oft ekkert að skafa af hlutunum þegar það kom að örnefnum árum áður.



Snorralaug



Snorralaug í Reykholti mynd: TommyBee

Líklega best þekktu fornleifar innan svæðisins er án efa Snorralaug við Reykholt sem fyrst er getið í Landnámu og er í hópi 10 fyrstu fornleifa sem friðaðar voru á Íslandi og var hún friðlýst ári 1817.

Er laugin sjálf um 4 metrar í þvermál og allt að metri á dýpt og er undir henni þykk mógella sem heldur vel vatni í henni. Leitt var vatni í hana úr hvernum Skriflu með stökk og lágu stokkar einnig að húsi Snorra..



Snorri Sturluson


Snorri Sturluson er líklega einn af frægustu Íslendingum sögunnar. Fæddist hann í Hvammi í dölum 1179 sonur Guðnýju Böðvardóttur og Sturlu Þórðarsonar. Hann flutti að Reykholti frá árinu 1206. Þar byggði hann mikið veldi, átti stórt goðorð og varð einn helst höfðingi landsins. Var hann lögsögumaður alþingis frá 1215 til 1218 eða þar til hann ferðaðist til Noregs og vingaðist þar meðal annars við Hákon konung.

Var það í raun upphaf endaloka


hans og fór það að lokum að hann var veginn af Gissuri Þorvaldssyni árið 1241.

Leiddi hann söfnun og skrif Heimskringlu, safn norrænna konungasaga Noregs, og Snorra-Eddu sem var kennslurit í skáldskaparlist og um leið helstu heimildir okkar um norræna goðafræði.

Eru þetta tímamótaverk sem að hafa myndað að miklu leiti þekkingu okkar á fornlífi norrænna manna.



Snorri Sturluson. Mynd: Christian Krogh



„Eigi skal höggva!”

-- Snorri Sturluson, 1241



Rýmiskennd og fagurfræði

Kleppjárnsreykir og nágrenni mynda fjölbreytta sýn. Þar mætast láglendið sem hvergi byrgir sýn og leiðir augað niður að sjávarmáli Borgarfjarðarins og þröngir dalir sem leiða augað inn á hálendisbrún.

Hvítáin ræður ríkjum þar sem hún liðast um láglendið, jarðhitinn sem þrýstist fram undan hálendisbrúninni gefur svæðinu dulúð en Langjökull, Eiríksjökull og Okið standa vörð um reisin svæðisins ásamt Baulunni.




Frá Deildartunguhver.
Ljósm. Hrefna Hrólfsdóttir, 2018.

Úr Lundareykjadal.


Ljósm. Hrefna Hrólfsdóttir, 2018.



Frá Hraunsási í Hálsasveit í Borgarfirði.
Ljósm. Mats Wibe Lund.




Úr Skorradal.
Ljósm. Hrefna Hrólfsdóttir, 2018.






Skynjun á landslagi svæðisins




Horft inn Borgarfjörðinn í átt að Kleppjársreykjum. Mynd: Google Earth

Borgfirska láglandið virkar fremur flatt séð úr fjarska. Þegar komið er á svæðið sést hins vegar að það er tiltölulega hæðótt og ásótt, einkum vestan Hvítár. Þar rísa víða klapparholt og lágir hryggir sem stefna frá suðvestri til norðausturs. Umrædd holt og hryggir eru enn fremur töluvert brattari að norðvestan, sem er í samræmi við halla jarðlaganna. Mýrasund finnst síðan oftast nær milli holta og hryggja. Sunnan Hvítár er land aftur á móti nokkuð flatara. Þá er víða góð fjallasýn úr lágsveitunum og dölunum sunnan Hvítár en þó helst af hærri holtunum úr holtalöndunum. Á milli dalanna eru síðan oftast nær hálsar, fremur lágir en þó brattir, einkum í utanverðum dölunum. Hlíðar hálsanna eru yfirleitt skriðurunnar hið efra, en uppi á sjálfum hálsunum taka við klapparholt og mýrasund. Sjálfir dalbotnarnir, sem liggja lágt, eru aftur á móti fremur flatir og fara ekki að rísa fyrr en langt inni í dölunum. Þeir eru oft mýrlendir. Þá eru klettahöft í flestum dalamynnunum. Auk þessa fylgja dölunum víða melar og malarhjallar.



Einkennissvæði


Stór hluti landslagsgreiningarinnar fólst í að skilgreina svokölluð einkennissvæði innan umrædds svæðis. Með því var mögulegt að draga fram sérstöðu og staðaranda einstakra svæða. Skiptingu svæðisins í einkennissvæði má sjá á myndinni hér til hliðar.





Einkennissvæði 1: Stafholtstungur

- ⦿ Láglandi.
- ⦿ Klapparholt og klettaásar með mýrasundum ofan Hvítár.
- ⦿ Flatlandi neðan Hvítár.
- ⦿ Hálfdeigjumýrar algengar þar sem mól og sandur er oft ofan á leirnum.
- ⦿ Ágæt engjalönd eða tún ef mýrarnar hafa verið framræstar.
- ⦿ Forn basalhraunlög frá tertíertíma.
- ⦿ Misvatnsmiklar ár sem kvíslast.
- ⦿ Veðurfar gott, einkum að sumarlagi.
- ⦿ Sólfar heldur meira en á svæðinu í kring.
- ⦿ Jarðhiti á nokkrum stöðum sem hefur verið nýttur.
- ⦿ Fundarstaður steingervinga.




Hvítárbrú. Reist fyrir rúmum 92 árum
Mynd tekin af Sigurði Boga



Einkennissvæði 2: Heiðalönd austan dala


- ⦿ Austan byggðar.
- ⦿ Móbergsfjöll, grágrýti og jafnvel nútímahraun koma fyrir.
- ⦿ Ekki eins rofið.
- ⦿ Lekt að sama skapi meiri.
- ⦿ Er þurrara og liggur þ.a.a. hátt uppi.
- ⦿ Liggur í 220 metra hæð yfir sjávarmáli.
- ⦿ Gróður á því erfiðara uppdráttar.
- ⦿ Móbergsdyngjan Ok setur svip sinn á svæðið.
- ⦿ Verðmætt útivistarsvæði.



Horft ofan frá Ok. Mynd tekin af Sophie Hirsh



Einkennissvæði 3: Reykholtsdalur og Hálsasveit



- Ⓜ Einn dalur skiptur upp með hæðóttu landslagi til miðju
- Ⓜ Ein frægasta bugðuá landsins, Reykjadalsá liggur um suðurhluta svæðisins.
- Ⓜ Áhrif jarðhita gætir í ánni og víðar á svæðinu.
- Ⓜ Norðar er að finna meginánnna Hvítá sem ber einkenni drag-, lind- og jökuláa.
- Ⓜ Búrfell og önnur undirfjöll Oksins ganga til vesturs.
- Ⓜ Mýrasléttur í dalsbotni.
- Ⓜ Flatir melar og hjallar við Hvítá, sem eru gróðurlitlir sökum lektar og lítillar úrkomu.
- Ⓜ Blágrýtislög einkennandi fyrir svæðið.
- Ⓜ Fundarstaður steingervinga.




Frá Hraunsási í Hálsasveit í Borgarfirði. Ljós. Mats Wibe Lund.



Einkennissvæði 4: Flókadalur

- Stuttur dalur en fremur opinn.
- Afar fáþýll.
- Tvær meginár í dalsbotninum, en þó ekki mikil stórvötn.
- Dalsbotn sem hækkar jafnt og þétt í átt að heiðum.
- Hraunlög frá tertíertíma til staðar en grágrýtishraun einna mest áberandi.
- Grágrýtishraun sem runnið hafa á hlýskeyðum ísaldar niður í dalinn og bægt ánum yfir að hlíðum hans.
- Grágrýtishraunið afar rofið, varla sér til kletta í því. Vötn og tjarnir sunnan undir holtaröðinni í dalnum.
- Melholt og mýrasund skiptast á í austanverðum dalnum.
- Heldur þurrara í vestanverðum dalnum.
- Jökulmenjar einkar áberandi.




Flókadalsá. Mynd tekin af west.is



Einkennissvæði 5: Lundarreykjadalur

- Þröngur dalur.
- Þakinn mýrum, einkum þar sem hann er lægstur.
- Þurrlendi í framdalnum.
- Há og kröpp holt.
- Hömróttar hlíðar.
- Útsýni af holtum.
- Á með lindáreinkenri og fossa sem liggur um miðjan dal.
- Með bestu laxveiðiám landsins.
- Einkum basalhraunlög frá tertíertíma.




Lundarreykjadalur. Mynd tekin af Guðbjarti Kristóferssyni



Einkennissvæði 6: Skorradalur

- Skorradsá þekur dalsbotninn að mestu.
- Dalshlíðar sem ganga í vatn fram án undirlendis.
- Litlir ræktunarmöguleikar sökum skorts á undirlendi.
- Hlíðbrattur, krappur og hlykkjóttur dalur og því yfirleitt lítið útsýni.
- Mikill skógur sem byrgir útsýni enn frekar.
- Blautar ótræðismýrar í Skorradalshálsi.
- Forn basalhraunlög frá tertíertíma.
- Skógrækt áberandi og setur mynd á norðurhlið dalsins.
- Sumarhús áberandi á svæðinu.



Skorradalur. Mynd tekin frá nat.is



Ályktanir

Kleppjárnsreykir og nærliggjandi svæði búa yfir afar fjölbreyttu landslagi, bæði menningar- og náttúrulandslagi.

Svæðið er nokkuð flatlent þegar það er skoðað úr fjarlægð, en þegar komið er á sjálft svæðið sést að svo er ekki beint raunin. Holt, lágir hryggir og byggðafjöll eru þannig einkennandi fyrir svæðið. Hærri fjöll og fjallahryggir umkringja ennfremsvæðið á flestar hliðar. Í lægðum svæðisins má svo oft finna mýrar, ef þær hafa ekki verið ræstar fram á annað borð.

Misvatnsmiklar ár, flestar dragár, renna ennfremsvæðið og eru margar hverjar hinar bestu veiðiár. Þá gætir jarðhita ennfremsvæðinu.

Svæðin í kring hafa ríka menningarsögu og var svæðið í raun um stund höfuðstöðvarvalds á Íslandi.

Menningarminjar eru þar allt frá landnámi og Snorralaus er meðal best varðveittu minja frá miðöldum og hefur verið haldið við með reglubundnum hætti í hundruði ára.

Urðu þar til meðal merkilegustu bókmennta norrænna manna með Snorra Eddu og Heimskringlu sem mótar þekkingu okkar á norrænum fræðum.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson. (2013). *Kuml í uppsveitum Borgarfjarðar : Skýrsla um rannsóknir 2011-2012*. (Fornleifastofnun Íslands). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Þorsteinsson. (1995). *Náttúruminjar*. Borgfirsk náttúrustofa. Hvanneyri: Safnahús Borgarfjarðar og Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Borgarbyggð. (2011). *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022*. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=23634629127848933452>

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2009). Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð. Fornleifastofnun Íslands.

Freysteinn Sigurðsson. (2004). Árbók F.Í. 2004 - Borgarfjarðarhérað. Í Hjalti Kristgeirsson (ritstjóri ritraðar), *Árbók Ferðafélags Íslands: 77. bindi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf.

Haukur Jóhannesson. (1995). *Jarðfræði Borgarfjarðar*. Borgfirsk náttúrustofa. Hvanneyri: Safnahús Borgarfjarðar og Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Ingvi Þorsteinsson. (1995). *Gróðurfar og landkostir í Borgarfirði*. Borgfirsk náttúrustofa. Hvanneyri: Safnahús Borgarfjarðar og Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Sigurður Már Einarsson. (1995). *Ár og veiðivötn*. Borgfirsk náttúrustofa. Hvanneyri: Safnahús Borgarfjarðar og Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Snæbjörn Guðmundsson. (2015). *Vegvísir um jarðfræði Íslands*. Reykjavík: Mál og Menning.

Þorkell Grímsson. (1956). Gert við Snorralaus. *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags*, 19-47.

Þorkell Grímsson, & Guðmundur Ólafsson. (1988). Fornar leiðslur í Reykholti í Borgarfirði. *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags*, 99-121.